

RÍKISENDURSKOÐUN

Matvælastofnun

Endurskoðun 2020

Endurskoðunarskýrsla

Nóvember 2021

Inngangur

Ríkisendurskoðun hefur lokið endurskoðun ársreiknings Matvælastofnunar fyrir árið 2020.

Ársreikningurinn er byggður á bókhaldi stofnunarinnar og öðrum upplýsingum stjórnenda. Ríkisendurskoðun vekur athygli á því að stjórnendur stofnunarinnar eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu reikningsskila og jafnframt ábyrgir gagnvart notendum reikningskilanna. Þetta felur meðal annars í sér að bókhald og fjárhagslegt eftirlit sé fullnægjandi, að réttum reikningskilareglum sé fylgt og að viðunandi innra eftirlit hafi verið innleitt og skjalfest.

Endurskoðað var á grundvelli alþjóðlegra staðla um opinbera endurskoðun. Byggt er á skipulögðu ferli aðgerða og faglegu mati sem miðar að því að staðfesta fjárhæðir og aðrar upplýsingar í ársreikningnum. Endurskoðunin fól meðal annars í sér áhættugreiningu og áhættumat ásamt almennum greiningaraðferðum og úrtakskönnunum og athugunum á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum.

Í samræmi við 5. grein laga nr. 46/2016 um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga tók endurskoðunin mið af eftirfarandi:

Að reikningsskil gefi glögga mynd af rekstri, fjárhagslegri stöðu og breytingu á henni á árinu í samræmi við settar reikningskilareglur fyrir opinbera aðila.

Að kanna innra eftirlit og hvort það tryggir viðunandi árangur.


Að rekstur og umsvif séu í samræmi við heimildir fjárlaga, fjáráukalaga og annarra laga, lögmæt fyriræli, samninga og starfsvenjur þar sem það á við.

Ársreikningur Matvælastofnunar var síðast endurskoðaður 2015 vegna ársins 2014.


Efnisyfirlit

Inngangur	2	8	Endurskoðun rekstrarliða	15
1 Lykiltölur úr rekstri ársins 2020	4	8.1	Rekstrartekjur	15
2 Ábendingar og athugasemdir	5	8.2	Rekstrarkostnaður	15
3 Viðbrögð við ábendingum og athugasemdum	6	8.3	Niðurstöður	16
3.1 Viðbrögð Matvælastofnunar	6	9	Endurskoðun efnahagsliða	17
4 Áhættumat og mikilvægi	8	9.1	Efnahagsreikningur	17
5 Fjárveiting og rekstur	9	9.2	Eignir	17
5.1 Fjárveitingar	9	9.3	Eigið fé og skuldir	17
5.2 Rekstraráætlun	10	9.4	Niðurstöður/ábendingar	18
5.3 Niðurstaða	10	10	Önnur atriði	19
6 Innra eftirlit	11	10.1	Ársreikningur og staðfestingarbréf	19
6.1 Inngangur	11	10.2	Óhæðisyfirlýsing	19
6.2 Umfjöllun	11			
6.3 Niðurstöður/ábendingar	12			
7 Fylgni við lög og reglur	13			
7.1 Inngangur	13			
7.2 Umfjöllun	13			
7.3 Niðurstöður	13			

1 Lykiltölur úr rekstri ársins 2020



Rekstrarafgangur/rekstrarhalli (milljónir króna)



2 Ábendingar og athugasemdir

Vakin er athygli á eftirfarandi athugasemdum og ábendingum:

1

Innkaupakort

Ríkisendurskoðun leggur til þörfin á innkaupakortum sé endurmetin hjá stofnuninni og að dregið sé úr notkun þeirra.

2

Launakerfið

Lagt er til að settar séu skýrar vinnureglur um aðgreiningu starfa í sambandi við launasetningu og reglulega launavinnslu og að aðgangur starfsmanna til skráningar í HR kerfið sé endurmetinn.

3

Eignaskrá

Fram komu frávik milli stöðu eigna í bókhaldi og stöðu í eignaskrá varðandi upphaflegt kaupverð í árslok og fjárfestingar ársins. Einnig þarf að bæta textalýsingar einstakra færslna í eignaská.

3 Viðbrögð við ábendingum og athugasemdum

3.1 Viðbrögð Matvælastofnunar

Eftirfarandi viðbrögð bárust frá Matvælastofnun vegna ábendinga og athugasemda sem gerðar eru vegna endurskoðunar 2020 í þessari, sjá niðurstöður í kafla 2 og aðrar ábendingar í skýrslunni.

1. Innkaupakort

„Starfsmenn Matvælastofnunar eru hvattir til að nýta reikningsviðskipti og slíkt er gert í þeim tilvikum þegar ítrekuð eða stærri viðskipti er að ræða. Hins vegar er mikill fjöldi starfsmanna mikið á ferðinni í eftirliti og er oft stoppað hjá smærri söluaðilum úti á landi. Ekki hefur verið talið álitlegt (og stundum ekki mögulegt) að fara í reikningsviðskipti hjá litlum aðilum sem verslað er við í örfá skipti á ári og því hefur notkun innkaupakorta verið útbreidd hjá stofnuninni. Hins vegar þarf Matvælastofnun að skipta um þjónustuaðila á innkaupakortum á næstu vikum og af því tilefni var farið yfir innkaupakortin og var ákveðið að fækka þeim um hátt í 20% við þá yfirfærslu. Um næstu áramót verða enn fremur teknar upp kostnaðarskýrslur í Orra til að flýta fyrir endurgreiðslu útlagðs kostnaðar og gefst þá tækifæri til að skoða fækkun korta enn frekar.“

2. Launakerfið

„Matvælastofnun mun á komandi ári endurskoða og koma í gæðahandbók verklagi varðandi launavinnslu þ.m.t. að skýr skil séu á milli ábyrgðar og hlutverks launafulltrúa og mannauðsstjóra varðandi launasetningu og reglulegrar launavinnslu. Í byrjun sl. sumars var tekið

upp það verklag að mannauðsstjóri veiti skriflegt samþykki að lokinni launakeyrlu hvers mánaðar. Fjármála- og mannauðsstjóri eru með aðgang að HR kerfi Orra til yfirferðar og umsjónar m.a. vegna verkþókhalds. Launafulltrúi og verkefnastjóri hans sem jafnframt fer með afleysingar í launavinnslu hafa aðgang að HR kerfinu. Stofnunin telur að ekki sé hægt að takmarka aðgang þessara aðila að kerfinu að sinni.“

3. Eignaskrá

„Varðandi frávík milli stöðu eigna í bókhaldi og eignaskrá þá var um að ræða afstemmingarfærslur hjá Fjársýslunni milli árána 2019 og 2020 og voru því ekki framkvæmdar af Matvælastofnun. Skv. FJS er þessari vinnu lokið og er því enginn mismunur á árinu 2021. Þá byrjaði Matvælastofnun á því árið 2020 að bæta textaskýringar í nýskráðum eignum og munu textaskýringar því lagast á næstu misserum eftir því sem eldri eignir úreldast.“

4. Aðrar ábendingar

„Varðandi neikvæða afkomu ársins 2020 þá lék Covid-19 stofnunina illa ásamt niðurskurðarkröfum sem erfitt var að bregðast við. Stofnunin hefur sýnt mikið aðhald undanfarin ár og hafði safnað upp höfuðstól til að takast á við erfiða tíma sem sannarlega komu árið 2020. Var því hægt að mæta tapinu að mestu með höfuðstólum en til viðbótar var strax í ársbyrjun 2021 ráðist í enn frekari aðgerðir til að bregðast við stöðunni. Varðandi risnu vill Matvælastofnun koma á framfæri að engar óvenjulegar færslur voru vegna risnu heldur aðeins að ekki fylgdu rétt

eyðublöð með risnureikningum. Hefur þegar verið bætt úr því og munu rétt eyðublöð hér eftir fylgja þeim reikningum.”

4 Áhættumat og mikilvægi

Mat á áhættu og mikilvægi eru grundvallarþættir sem horft er til við skipulagningu og framkvæmd endurskoðunar. Þetta merkir að sjónum er sérstaklega beint að áhættusömum og verulegum liðum í reikningsskilunum. Leitast er við að skipuleggja endurskoðunina með skilvirkni í huga, liður í því er að taka mið af eftirlitsumhverfi **Matvælastofnunar** eins og kostur er. Lögð er áhersla á að yfirfara ferla í tengslum við gerð reikningsskilanna og verulega liði innan þeirra. Markmiðið með þessari yfirferð er meðal annars að afla upplýsinga um eftirlitsaðgerðir stjórnenda og að kanna virkni þeirra.

Eftirfarandi eru þeir liðir hjá Matvælastofnun sem voru taldir skipta mestu máli vegna endurskoðunarvinnu á árinu:



Við skipulagningu endurskoðunar voru mikilvægismörk ákvörðuð sem 2% af gjöldum ársins, eða 39 milljónir króna. Með mikilvægismörkum er átt við hámark þeirrar fjármunalegu skekkju sem ekki er talin hafa áhrif á upplýstan

lesenda reikningsskilanna. Mikilvægismörk eru því einn af grunnþáttum endurskoðunar og marka meðal annars umfang þeirra endurskoðunargagna sem aflað er. Eftir sem áður er öllum skekkjum, sem finnast og máli skipta, komið á framfæri við stjórnendur

Við mat á áhættu og mikilvægi einstakra fjárlagaliða og stofnana eru jafnframt ákveðnir þættir hafðir til hliðsjónar m.a. eðli og umfang fjárlagaliðar eða stofnunar, fyrri athugasemda og fyrirkomulag bókhalds hjá stofnun.

5 Fjárveiting og rekstur

5.1 Fjárveitingar

Fjárveiting – heimild til rekstrar

Fjárveiting til Matvælastofnunar vegna rekstrar samkvæmt fylgiriti fjárlaga fyrir árið 2020 nam 1.864,7 m.kr. Þar var gert ráð fyrir 539 m.kr. rekstrartekjum og 1.325,7 m.kr. beinu framlagi úr ríkissjóði. Til viðbótar fékk stofnunin 46,4 m.kr. í fjárukalögum sem skiptist þannig að 30 m.kr. bættist við vegna bakvakta dýralækna, 30 m.kr. bættist við vegna tekjufalls í Covid og á móti kom lækun um 13,6 m.kr. vegna breytinga á launa og verðlagsforsendum. Millifærsla af almennum varasjóði vegna dýralækna nam 5,6 m.kr. og tekjufærsla frestaðra tekna vegna afskrifta nam 26,5 m.kr. Endanleg fjárveiting vegna rekstrar 2020 nam því 1.943,2 m.kr., 539 m.kr. fjármögnuð með tekjum og 1.404,2 m.kr. með beinu framlagi úr ríkissjóði.

Tafla 1 Samanburður á fjárveitingum og rekstri 2020

Í þús. kr.	Fjárveiting 2020	Rekstur 2020	Frávik 2020	Rekstur 2019
Rekstrartekjur	-539.000	-443.313	-95.687	-472.907
Launagjöld	1.338.500	1.367.432	-28.932	1.347.689
Önnur rekstrargjöld	578.000	522.935	55.065	533.078
Afskriftir	26.520	26.520	0	24.356
Rekstrartilfærslur	200	13.677	-13.477	0
Tilfærslur	0	109	-109	134
Samtals	1.404.220	1.487.360	-83.140	1.432.350

Afkoma ársins hjá Matvælastofnun var neikvæð um 83,1 m.kr. á árinu sem skýrist einkum af því að rekstrartekjur voru lægri en gert var ráð fyrir í áætlun. Frekari umfjöllun um afkomu ársins og greiningu milli ára er að finna í kafla 7.

Fjárveiting – heimild til fjárfestingar

Matvælastofnun fékk 15,9 m.kr. fjárveitingu til fjárfestingar eins og fram kemur í fylgiriti með fjárlögum 2020. Samkvæmt ársreikningi 2020 var 14,8 m.kr. ráðstafað umfram fjárveitingar til fjárfestinga í upphafi ársins en í árslok var samsvarandi fjárhæð 17,1 m.kr. þ.e. því sem var umframráðstafað til fjárfestinga.

5.2 Rekstraráætlun

Ríkisendurskoðun leggur áherslu á að vandað sé til við gerð rekstraráætlunar og hún sé skráð í fjárhagskerfið og reglulega fylgst með því hvort gjöld og tekjur séu í samræmi við áætlun ársins. Gerð var rekstraráætlun fyrir árið 2020 og var hún færð inn í Orra. Breytingar sem urðu á framlögum ríkissjóðs á árinu 2020 voru ekki uppfærðar í rekstraráætluninni.

Áætlun um fjárfestingar fyrir árið 2020 var hærri en fjárveitingar gerðu ráð fyrir. Fjárfestingar urðu lægri en gert var ráð fyrir sem skýrist af minni fjárfestingu í tölvukerfi á árinu 2020

5.3 Niðurstaða

Eftirfarandi niðurstöður komu fram varðandi fjárveitingar stofnunarinnar:

Vakin er athygli á neikvæðri afkomu ársins 2020 um 83,1 m.kr. Uppsafnaður höfuðstóll var 50,6 m.kr. í upphafi ársins sem jafnast út á móti neikvæðri afkomu ársins. Neikvæð afkoma skýrist einkum af lægri rekstrartekjum. Einnig er staða fjárfestinga í árslok 17,1 m.kr. umfram fjárveitingar.

6 Innra eftirlit

6.1 Inngangur

Forstjóri Matvælastofnunar ber ábyrgð á framkvæmd innra eftirlits. Innra eftirlit felur í sér þær reglubundnu aðgerðir og ráðstafanir sem hlutaðeigandi aðili gerir til að stuðla að hagkvæmni rekstrar, öryggi fjármuna, áreiðanleika upplýsinga og almennt að því að markmiðum starfseminnar verði náð og fylgt sé lögum og reglum.

Ríkisendurskoðun ber skv. lögum að kanna innra eftirlit og meta hvort það tryggir viðunandi árangur.

Matvælastofnun heyrir undir atvinnu- og nýsköpunarráðuneytið. Stofnunin er eftirlitsstofnun og fer með verðun "heilsu manna, dýra og plantna" eins og fram kemur í gæðahandbók stofnunarinnar. Fagsvið stofnunarinnar varða dýraheilsu, neytendavernd og fiskeldi.

6.2 Umfjöllun

Matvælastofnun er með skrifstofur á landsbyggðinni auk höfuðstöðvar á Selfossi.

Forstjóri Matvælastofnunar fer með yfirstjórn stofnunarinnar, mótar stefnu í störfum hennar og ber ábyrgð á starfsemi og rekstri, sbr. 3. gr. laga nr. 30/2018 um Matvælastofnun. Forstjóri ákvarðar skiptingu stofnunarinnar í svið og starfseiningar. Stofnunin starfrækir umdæmisskrifstofur sem sinna

¹ Gæðakerfi stofnunarinnar er byggt á gæðastjórnunarstaðlinum ISO 9001 og hlutverki stofnunarinnar samkvæmt lögum og reglugerðum.

eftirlitsstörfum og öðrum störfum á verksviði hennar. Landinu er skipt í fjögur umdæmi.

Í hverju umdæmi er héraðsdýralæknir sem sinnir opinberu eftirliti með heilbrigði og velferð dýra og framleiðslu búfjárafurða á svæðinu. Héraðsdýralæknar eru starfsmenn Matvælastofnunar. Þeir sinna framkvæmd sóttvarnaaðgerða og fylgjast með viðhaldi varnargirðinga í umdæminu. Þeir hafa eftirlit með búfé og öðrum dýrum eftir því sem lög ákveða. Einnig halda þeir skrá yfir alla eftirlitsskylda aðila í sínu umdæmi. Markaðsstofa sem er í Hafnarfirði annast stjórnýslu og eftirlit með inn- og útflutningi og opnun markaða.

Stofnunin er með gæðahandbók sem er birt á netinu og tekur fjölmargra þátta m.a. til rekstrarlegra og fjármálalegra liða. Stofnunin starfrækir gæðkerfi¹. Gæðastjóri hefur umsjón með innleiðingu gæðastefnu. Skipurit stofnunarinnar er birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Stofnunin er einnig með starfsmannahandbók, siðareglur, mannauðsstefnu og jafnréttisstefnu.

Ekki er til skriflegt áhættumat² hjá stofnuninni varðandi sviksemi en verklag hefur verið þróað í gegnum árin til að koma í veg fyrir sviksemisáhættu. Stofnunin er í bókhalds- greiðsluþjónustu hjá Fjársýslu ríkisins en með eigin bókará sér. Áhætta felst í samþykkt tilhæfulausra reikninga. Til að

² Faglegt eftirlit stofnunarinnar fyrir úttektir byggist á áhættu og frammistöðu eftirlitspega.

bregðast við því er stofnunin með tvöfalda samþykkt og eftirlit bókara. Þá kaupa starfsmenn mjög lítið af aðföngum aðallega er um að ræða dvalarkostnað á ferðalögum innanlands sem bókari fer vel yfir.

Áhætta felst í prókúru forstjóra og fjármálastjóra á bankareikningum en bókari og Fjársýsla ríkisins gera þá upp. Bókari hefur ekki prókúru á bankareikninga og engar millifærsluheimildir.

Fjármálastjóri fylgist með rekstrinum og ber reglulega saman rauntölur og áætlun og kannar frávík. Þá er ráðuneytið upplýst a.m.k. á þriggja mánaða fresti um stöðu og stærri frávík .

Einstakar vinnureglur um tekjur, samþykki og innkaup koma fram í handbók. Tekjuskráningin er aðgreind frá reikningagerð og innheimtu. Notast er við innheimtakerfi TBR.

Lagt er til að settar séu skýrar vinnureglur um aðgreiningu starfa í sambandi við launasetningu og reglulega launavinnslu. Má þar nefna reglur um hver hafi heimild til að stofna nýja starfsmenn í launakerfinu, samþykkt ráðningarsamninga, skráningu launataxta og samþykkt og skráningu

mánaðarlegra launaforsendna m.a. úr tímaskráningarkerfi. Efla þarf eftirlit með skráningum sem tengjast bakvöktum dýralækna. Einnig þarf að setja reglur um samþykki launakeyrslu. Þá er lagt til að aðgangur starfsmanna að HR kerfi Orra verði skoðaður og endurmetinn út frá þeim verkefnum sem þeir sinna og þáttum sem snúa að innra eftirliti með launaafgreiðslu m.a. aðgreiningu starfa. Loka þarf óviðeigandi aðgangi.

6.3 Niðurstöður/ábendingar

Fjölmarginir þættir eru til staðar hjá Matvælastofnun sem stuðla að virku innra eftirliti varðandi fjármál stofnunarinnar. Eftirfarandi ábendingar eru gerðar um innra eftirlit:

Lagt er til að settar séu skýrar vinnureglur um aðgreiningu starfa í sambandi við launasetningu og reglulegalaunavinnslu og að farið verði yfir aðgang starfsmanna til skráningar í HR með tilliti til verkefna viðkomandi starfsmanna og innra eftirlits. Loka þarf óviðeigandi aðgangi.

7 Fylgni við lög og reglur

7.1 Inngangur

Við fjárhagsendurskoðun ber að kanna hvort rekstur stofnunar hafi verið í samræmi við heimildir fjárlaga, fjárukalaga og annarra laga, lögmæt fyrirmæli og samninga þar sem það á við. Fjallað er sérstaklega um fjárheimildir og rekstraráætlun í kafla 5.

Matvælastofnun starfar samkvæmt lögum nr. 30/2018 um stofnunina.

7.2 Umfjöllun

Ferðakostnaður

Lítið var um ferðir erlendis á árinu vegna Covid-19. Stofnunin notar ferðareikningakerfi Orra vegna erlends ferðakostaðar. Hjá stofnuninni er reglan sú að innlendir ferðakostnaður greiddur skv. reikningum. Samkvæmt úrtaki ferðareikninga er reglum um greiðslu, bókun og samþykkt vegna ferðalaga á vegum ríkisins fylgt.

Risna

Reikningar vegna risnu voru skoðaðir. Ekki var farið eftir reglum Fjársýslu í öllum tilvikum sem skoðuð voru. Gögn þurfa að bera með sér samþykki forstöðumanns og eins hverjir nutu risunnar.

Opinber innkaup

Stofnunin hefur sett sér reglur um innkaup og fylgir lögum um opinber innkaup. Stofnun nýtir sér þjónustu Ríkiskaupa þar sem það á við.

Innkaupakort

Stofnunin er með skriflegar reglur um innkaupakort. Starfsmenn sem þess þurfa fá afhent innkaupakort sem eru eingöngu til nota innanlands. Innkaupakortin voru einkum ætluð til greiðslu á kostnaði sem hlýst af ferðum starfsfólks innanlands en hafa líka verið notuð til greiðslu á öðrum rekstrarkostnaði. Nú eru 75 starfsmenn með innkaupakort hjá Matvælastofnun.

Reikningar vegna innkaupa með innkaupakortum bera ekki með sér samþykki. Mánaðarleg uppgjör innkaupakorta fara til bókara hjá stofnuninni til yfirferðar. Fjármálastjóri fer síðan yfir uppgjörin mánaðarlega.

Að mati Ríkisendurskoðunar er full ástæða til að endurmeta þörfina á innkaupakortum með það fyrir augum að draga úr notkun þeirra og miðað að því að almennir reikningar frá birgjum fari til samþykktar í gegnum lánadrottnakerfi og þaðan til greiðslu hjá Fjársýslu ríkisins.

7.3 Niðurstöður

Eftirfarandi kom fram um fylgni við lög og reglur:

Ríkisendurskoðun leggur til að þörfin á innkaupakortum sé endurmetin hjá stofnuninni og að dregið sé úr notkun þeirra.

Fram kom að ekki var farið að öllu leyti eftir reglum Fjársýslu um kostnað við risnu. Gögn þurfa að bera með sér samþykki forstöðumanns og eins hverjir nutu risunnar.

8 Endurskoðun rekstrarliða

8.1 Rekstrartekjur

Tekjur ársins námu 443,3 m.kr. árið 2020 að frátöldum fjárveitingum ársins. Lækkunin milli ára var 29,6 m.kr.

Stærsti liðurinn eru tekjur af eftirlitsgjöldum 344,2 m.kr. en voru 405,5 árið á undan sem er lækkun um 61,2 m.kr. og 50,7 m.kr. frá áætlun. Megin skýringin á lækkun er að það dró úr eftirlitsheimsóknum vegna Covid-19. Þá lækkuðu tekjur ársins vegna breytingar á skráningartímabilum tekna vegna aðskotaefnamælinga og fóðurskráninga.

Eftirlitstekjurnar eru í fjölmörgum liðum en færast á sjö tegundalykla í Orra og eru innheimtar í TBR kerfinu. Gjaldskrá er ákvörðuð af fagráðuneyti og birt á heimasíðu Matvælastofnunar. Afstemming tekna við TBR liggur fyrir.

Tekjufærsla móttækinnna styrkja á að miðast við rekstrargrunn þ.e. þegar stofnað er til gjalda. Kannaðar voru millifærslur milli ára vegna lotunar tekna frá árinu 2019 til ársins 2020 og var það án athugasemda.

8.2 Rekstrarkostnaður

Launakostnaður

Laun og launatengd gjöld að frátöldum starfsmannakostnaði námu 1.363,0 m.kr. á árinu 2020 og var það 24,1 m.kr. breyting frá fyrra ári eða aukning um 1,8%. Stöðugildi árið 2020 voru 95 en voru 99 árið á undan. Fækkun stöðugilda skýrist einkum af flutningi Búnaðarstofu frá Matvælastofnun til atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins.

Tekið var úrtak af starfsmannalista og ráðningasamningar og launaákvörðunarblöð borin saman við launaseðla. Venjan hefur verið sú að launaákvörðunarblöð hafa ekki verið undirrituð en hjá stofnuninni hefur nýlega verið tekin upp undirritun á breytingablað launa.

Gögn til staðfestingar launagreiðslna s.s. ráðningasamningar og launaákvörðunarblöð reyndust vera til staðar nema að ráðningasamningar hjá Matvælastofnun eru ekki til hjá þeim sem eru ráðherraskipaðir. Sama gildir um þá sem voru upphaflega ráðnir hjá annarri ríkisstofnun.

Þá eru ekki gerðir ráðningasamningar vegna bakvaktþjónustu dýralækna sem byggist á samningi milli Dýralæknafélags Íslands og landbúnaðarráðuneytis og fjármálaráðuneytis frá 1999. Samningurinn var staðfestur með dómi félagsdóms frá árinu 2011. Það er lagaskylda viðkomandi dýralæknis að sinna útkalli ef hann er á vakt. Úrtakskönnun leiddi í ljós eitt frávik í útreikningum bakvakta sem nú hefur verið leiðrétt.

Önnur rekstrargjöld

Önnur rekstrargjöld að meðtöldum starfsmannakostnaði námu 527,3 m.kr. og lækkuðu um 14,5 m.kr. eða 2,7% sem má einkum skýra með áhrifum af Covid-19. Afskriftir lækkuðu um 2,2, m.kr. milli ára.

Meðal stærstu gjaldaliða eru þjónusta dýralækna og kostnaður við rannsóknarstofur.

Aðkeypt þjónusta frá dýralæknum hækkaði m.a. vegna þess að umdæmum var fjölgað úr 10 í 11. Stofnunin kaupir ýmsa þjónustu af sjálfstætt starfandi

dýralæknum má þar nefna heilbrigðiseftirlit í sláturhúsum. Einnig greiðir stofnunin fasta mánaðarlega fjárhæð til að tryggja dýraeigendum nauðsynlega þjónustu á tilteknu þjónustusvæði sbr. 13. gr. laga nr. 66/1968 um m dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr og reglugerð um dýralæknaþjónustu í dreifðum byggðum samkvæmt þjónustusamningi. Greidd er föst fjárhæð mánaðarlega (staðaruppbót).

Kostnaður við aðkeypta þjónustu frá rannsóknarstofum hækkaði frá árinu á undan vegna fleiri sýna og kostnaðarhækkana.

8.3 Niðurstöður

Að öðru leyti en hér hefur komið fram eru ekki gerðar athugasemdir vegna rekstrarliða hjá stofnuninni.

9 Endurskoðun efnahagsliða

9.1 Efnahagsreikningur

Í árslok 2020 námu eignir 262,8 m.kr., skuldir námu 295,4 m.kr. og höfuðstóll var neikvæður um 32,6 m.kr.

9.2 Eignir

Fastafjármunir

Fastafjármunir námu 101,6 m.kr. í árslok 2020. Varanlegir rekstrarfjármunir námu 73,6 m.kr. í árslok 2020. Um er að ræða húsbúnað, ýmiskonar búnað og farartæki og óefnislegar eignir námu 28,0 m.kr.

Eignaskrá stofnunarinnar var könnuð. Skoðaður var frágangur einstakra eignaliða og afstemmingar við bókhald. Mismunur er á upphaflegu kaupverði milli ársreiknings og eignaskrár. Í fjárfestingum ársins var einnig mismunur milli bókhalds og eignaskrár. Bókfært verð reyndist vera afstemmt miðað við árslok.

Bæta þarf frágang textalýsinga í einstökum færslum í eignaskrá. Samkvæmt eignaskrá er einkum um er að ræða eignfærðan kostnað við tölvukerfi og keyptan hugbúnað. Heiti og auðkenni eigna þarf að koma fram.

Veltufjármunir

Staða við ríkissjóð vegna orlofsskuldbindingar frá 2017 var 99,9 m.kr. Kröfur í tekjubókhaldi ríkisins námu 77,2 m.kr. og aðrar kröfur námu 1,3 m.kr. Staða við ríkissjóð með fyrrnefndri stöðu á orlofsreikningi var 72,0 m.kr. í árslok.

Staða krafna í bókhaldi til innheimtu hjá innheimtumönnum ríkisins stemmir við TBR í árslok. Eldri kröfur eru í innheimtuferli hjá sýslumanni. Ekki er þar um háar fjárhæðir að ræða.

Handbært fé

Innstæða á þremur bankareikningum stofnunarinnar stemmir við bókhald í árslok. Við endurskoðun voru send fyrirspurnarbréf á bankastofnanir. Könnunin var án athugasemda.

9.3 Eigið fé og skuldir

Höfuðstóll

Höfuðstóll Matvælastofnunar var neikvæður um 32,6 m.kr. í árslok sem er 2,3% af ríkisframlagi ársins. Þörf er á aðgerðum til að rétta þessa stöðu við.

Einnig er staða fjárfestinga í árslok 17,1 m.kr. umfram fjárveitingar.

Skuldir

Skuldir námu 295,4 m.kr. Meðal skuldaliða má nefna orlofsskuldbindingu sem nam 134,0 m.kr., skuldir á lánardrottnalista voru 43,8 m.kr. og frestun tekjufærslu fjárfestingaheimilda sem nam 84,5 m.kr. Skuldaliðir voru endurskoðaðir án athugasemda.

9.4 Niðurstöður/ábendingar

Taka þarf eftirfarandi atriði til skoðunar:

Fram komu frávik milli stöðu eigna í bókhaldi og stöðu í eignaskrá bæði varðandi upphaflegt kaupverð í árslok og fjárfestingar ársins. Einnig þarf að bæta textalýsingar einstakra færslna í eignaská.

10 Önnur atriði

10.1 Ársreikningur og staðfestingarbréf

Forstjóri undirritaði ársreikning stofnunarinnar 11. júní 2021 jafnframt var staðfestingarbréf stjórnenda vegna ársreiknings undirritað sama dag.

10.2 Óhæðisyfirlýsing

Fyrir liggja undirritaðar óhæðisyfirlýsingar þeirra starfsmanna Ríkisendurskoðunar sem sáu um endurskoðun hjá Matvælastofnun.



Ríkisendurskoðun
Bríetartúni 7 – 105 Reykjavík
Sími 448 8800

postur@rikisendurskodun.is – www.rikisendurskodun.is